


Bæjarráð Hafnarfjarðar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	6/5 2016
Málsnr:	1410264
Bréfal:	262.2



Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 03.05.2016
Tilvísun 0158, 201603-0076

Bæjarbíó, Strandgata 6, Hafnarfirði.

Minjastofnun Íslands hefur borist afrit af bréfi Kvikmyndasafns Íslands til Bæjarráðs Hafnarfjarðar dags. 23. mars 2016 þar sem kemur fram að safnið eigi hverfa úr Bæjarbíói og muni fjarlægja eigur sínar úr húsinu fyrir lok maí. Jafnframt kemur fram að breytingar hafa verið gerðar á rekstri hússins.


Bæjarbíó var friðlýst 3. mars 2014 skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýsing tekur til innréttinga í anddyri, forsal og bíósal.


Í rökstuðningi fyrir friðlýsingu kemur fram að það er eina kvikmyndahúsið frá miðri 20. öld sem varðveist hefur í upphaflegri mynd og að við endurgerð hússins var kappkostað að halda í veggmyndir og önnur sérkenni sem gefa bíóinu sögulegt gildi. Mikilvægur þáttur í verndun og varðveislu hússins er að það gegni áfram því hlutverki sem það var hannað og byggt fyrir. Í því sambandi má nefna að kvikmyndasýningavélar eins og þær sem voru í bíóinu frá upphafi voru gerðar upp þannig að hægt yrði að sýna kvikmyndir eins og gert var þegar bíóið hóf starfsemi sína 1945. Í Bæjarbíói er nú varðveitt upprunalegt verklag við kvikmyndasýningar sem alls staðar á landinu hefur verið aflagt.

Í 9. gr. laga um menningarminjar er áskilið að húsafriðunarnefnd fjalli um málefni sem snerta friðlýst hús. Erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 14. apríl 2016. Álit nefndarinnar er efnislega samhljóða niðurstöðu Minjastofnunar:

Minjastofnun óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaða notkun kvikmyndahússins og minnir jafnframt á friðlýsingarskilmála fyrir Bæjarbíó.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson arkitekt
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Fylgiskjal: Friðlýsingarskilmálar fyrir Bæjarbíó

Afrit í tölvupósti :
Kvikmyndasafn Íslands (kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is)

Menningar og listafélag Hafnarfjarðar, Kristinn Sæmundsson (kiddisaem@gmail.com)